

Ísafirði, 11. október 2019.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
netfang postur@isafjordur.is

Efni: Nafngift á veggöngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Að óbreyttu er nú tæpt ár í að ný og glæsileg veggöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði tekin í notkun. Ekki er vitað til þau hafi formlega verið nefnd en jafnan rætt um Dýrafjarðargöng. Undirritaður f.h. Samgöngufélagsins óskaði fyrr í sumar eftir því við Vegagerðina í tölvupósti að hún upplýsti hvaða reglur gildi um nafngiftir vegamannvirkja hérlendis og þá einkum vegganga. Í greinargóðu svari Vegagerðarinnar segir við spurning Samgöngufélagsins sem var orðrétt sem hér segir: „**Hvaða reglur gilda um nafngiftir vegmanna, t.d. vegganga?** „ segir:

„Það eru engar sérstakar reglur til um nafngiftir vegamannvirkja.

Brýr eru að öllu jöfnu kenndar við ána sem brúuð er. Það er til að annað heiti á brú verði að málvenju, t.d. Mónikubrúin þótt mannvirkid sé með formlegt heiti í skráum Vegagerðarinnar, Austari Jökulsá.

Heiti vega verður yfirleitt til í undirbúningi hönnunar ef ekki er vegur fyrir og stundum kemur vegheiti fyrst á prent í vegáætlun sem Alþingi samþykkir.

Stundum voru vegir með fleiri en eitt heiti en þegar fyrst var farið að prenta vegaskrár hefur tilefnið líklega verið notað til samræmingar. Eins þegar vagnúmer voru tekin upp.

Nýleg nafngift er Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95) sem varð til þegar hluti Suðurfjarðavegar varð hluti Hringvegar. Aðeins eldri er Innstrandavegur (68) sem varð til þegar nýr vegur var lagður í stað Tröllatunguheiðar og Djúpvegur (61) var tengdur þar yfir. Þessi heiti gengu manna á milli hjá Vegagerðinni uns einhver tók af skarið og skráði þau í vegaskrá. Þessi hluti Djúpvegur sem hér var nefndur er gjarnan kallaður Þröskuldur. Það er samkvæmt fornu örnefni þar sem leiðin fer hæst. Þetta varð að málvenju hjá Vegagerðinni þegar stirt þótti að kenna veginn við Arnkötludal og Gautsdal þegar tilkynningar um færð og veður voru sendar út.

Jarðgöng hafa ýmist verið kennd við fjallveginn sem fyrir var; Breiðadals- og Botnsheiði, Oddskarð, Almannaskarð, Vaðlaheiði. Eða verið kennd við fjörð eða stað sem er við annan gangamunna; Héðinsfjarðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng.

Í einu tilfelli hafði nafn verið notað á jarðgöng í undirbúningi en samgönguráðherra óskaði sérstaklega eftir breytingu fyrir vígslu, Óshlíðargöng urðu Bolungarvíkurgöng.

Það má lita svo á að ráðherra ráði þessu ef upp kemur ágreiningur.“

Er hér með lagt til að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar geri tillögu til ráðherra um að í stað þess að notast við nafnið Dýrafjarðargöng verði göngin kennd við Hrafnseyri við Arnarfjörð og nefnd Hrafnseyrargöng. Má tilfæra ýmis rök þessu til stuðnings og þá þessi helst:

- Hrafnseyri skipar ríkan og verðskuldaðan sess í sögu Vestfjarða og þjóðarinnar allrar. Þar bjó á 12. öld Hrafn Sveinbjarnarson, læknir og mannvinnur, sem eyrin er kennd við og þar fæddist 17. júní 1811, Jón Sigurðsson, eins og allir Íslendingar ættu að vita, jafnan titlaður forseti, „óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur.“ Hins vegar er hætt við að eitthvað fari að fenna yfir nafnið, staðinn og sögu hans þegar tímar líða, aðalakeiðin liggur ekki lengur þar um og að mestu hætt að notast við veginn yfir heiðina sem kennd er við staðinn. Verður að

telja að mikil eftirsjá yrði af því ef Hrafnseyrarnafnið félli í gleymiskunnar dá. Með þessu heiti á göngunum héldist nafn Hrafnseyrar hins vegar í daglegri notkun um ókomna tíð.

- Það væri í fullu samræmi við viðmiðanir Vegagerðarinnar að kenna göngin við Hrafnseyri eða sama stað og fjallvegurinn sem fyrir er og þau leysa af hólmi, sbr. það sem segir í áður nefndu svari Vegagerðarinnar.
- Hrafnseyrarheiði tengir saman Arnarfjörð og Dýrafjörð líkt og göngin munu gera og skírskotaði því nafnið Hrafnseyrargöng til fjarðanna beggja en ekki einungis annars þeirra auk þess sem fjallið Hrafnseyrarheið sést úr báðum fjörðunum.
- Hrafnseyri er í um 12 til 13 km fjarlægð frá gangamunnum Arnarfjarðarmegin og því til-
tölulega skammt undan. Þá eru þar í kring nokkur kennileiti kennd við staðinn. Má þar nefna Hrafnseyrarhlíð, Hrafnseyrardal og Hrafnseyrará.
- Nafnið Hrafnseyrargöng er lítið eitt styttra og þjálla en Dýrafjarðargöng (en ekki virðist alltaf hafa verið litið til þess sjónarmiðs við nafngiftir á veggöngum á Vestfjörðum). Ekki er kunnugt af hverju notast hefur verið við heitið Dýrafjarðargöng né heldur hvort formleg ákvörðun hefur verið tekin um það, en ekki þykir ólíkt að gripið hafi verið til þess nafns „af handahófi“ því nærlægt hefur þótt að kenna þau við annan fjörðinn af tveimur sem göngin liggja í, sbr. tilvitnað svar Vegagerðarinnar.
- Líklegt má telja að íbúar Ísafjarðarbæjar og nærliggjandi sveitarfélaga eigi oftast eftir að nota það nafn sem göngin fá og því ekki óeðlilegt að viðhorf fulltrúa þeirra hafi eitthvert vægi þegar afráðið verður hvaða nafn verður að endingu á göngunum og því eðlilegt að formleg ósk komi þaðan.

Loks leyfi ég mér að vísa til ágætrar greinar Jakobs Hjálmarssonar frá 7. júní 2019 sem nálgast má á vefslóðinni <http://www.bb.is/2019/06/hrafnseyrargong/> þar sem mjög skýr og greinargóð rök fyrir þessari nafngift koma fram.

Með von um að erindi þetta fái málefnalega og vandaða umfjöllun.

Virðingarfyllst



Jónas Guðmundsson
Engjavegi 29, Ísafirði

Afrit erindis:

Samgönguráðuneytið, netfang postur@srn.is
Vegagerðin, netfang vegagerdin@vegagerdin.is
Fjórðungssamband Vestfirðinga, fv@vestfiridir.is
Hrafnseyrarnefnd, netfang hrafnseyri@hrafnseyri.is
Örnefnanefnd, netfang ornefnanefnd@hi.is